


**Henry B. Eyring**  
forseti  
fyrsti ráðgjafi í  
Æðsta forsætisráðinu



# Siðferðislegt hugrekki

**H**luti af tilgangi stundlegs lífs er að sanna fyrir Guði að við munum halda boðorð hans þegar til þarf hugrekki. Við stóðumst þá prófraun í andaheiminum. Hins vegar gerði þriðjungur af her himins uppreisn gegn þeirri tillögu að þeir yrðu reyndir í dauðlegri tilvist þar sem sá möguleiki væri til staðar að þeir myndu ekki geta staðist prófraunina.

Við þekktum Guð föðurinn og son hans, Jesú Krist, persónulega áður en við fæddumst. Við gátum séð þá og hlustað á þá er þeir kenndu og hvöttu okkur áfram. Nú hefur hins vegar hula verið sett yfir huga okkar og minni. Við þurfum að sjá með auga trúarinnar hver við í raun erum og á sama tíma eru líkamar okkar undirok-aðir holdlegri freistingu og líkamlegum veikleikum og því hefur Satan, faðir lyginnar, forskot.

Okkur stendur til boða mikil hjálp sem veitir okkur hvatningu í þessu lífi. Mest er þar friðþæging Jesú Krists. Hægt er að lauga sig af syndum í skírnavatninu vegna þess sem hann gerði. Er við meðtökum sakramentið í trú og með iðrandi hjarta, getum við endurnýjað þá blessun.

Andlegar gjafir er önnur hjálp sem okkur býðst. Við meðtökum anda Krists við fæðingu. Hann veitir okkur kraft til að vita hvort það val sem verður á vegi okkar muni leiða til eilífs lífs. Þegar við lesum ritningarnar í samvist heilags anda þá verða þær að öruggri leiðsögn.

Heilagur andi veitir okkur tækifæri til þess að tjá

þakklæti og biðja um aðstoð í bæn með sama skýrleika og trausti sem við nutum áður fyrr með himneskum föður okkar og sem við munum hafa þegar við snúum aftur til hans. Slík samskipti við Guð hjálpa að hrekja á brott ótta úr hjörtum okkar er þau byggja upp trú og ástúð gagnvart himneskum föður og Jesú Kristi.

Hið heilaga prestdæmi veitir okkur hugrekki í þjónustu okkar. Í gegnum helgiathafnir þess hljótum við kraft til að þjóna börnum Guðs og standast ill áhrif. Við fáum eftirfarandi loforð er hann kallar okkur til þjónustu: „Og hjá hverjum þeim, sem veitir yður viðtöku, mun ég einnig vera, því að ég mun fara fyrir yður. Ég mun verða yður til hægri handar og til þeirrar vinstri, og andi minn mun vera í hjörtum yðar og englar mínir umhverfis yður, yður til stuðnings“ (K&S 84:88).

Í þjónustu sinni hafði spámaðurinn Joseph Smith tilfni til að vera hræddur. En Guð veitti honum kjark með þessari fullvissu sem sýnir fordæmi meistarans:

„Og verði þér varpað í gryfju eða í hendur morðingja og dauðadómur felldur yfir þér, verði þér kastað í djúpið, gjöri beljandi öldurnar samsæri gegn þér, verði ólmandi stormar óvinir þínir, myrkvist himnarnir og sameinist allar höfuðskepnurnar um að loka leiðinni, og umfram allt, opni skoltar heljar gin sitt upp á gátt fyrir þér, vita skaltu þá, sonur minn, að allt mun þetta veita þér reynslu og verða þér til góðs.“

Mannssonurinn hefur beygt sig undir allt þetta. Ert þú meiri en hann?“ (K&S 122:7–8).

Hvað sem við glímum við í lífinu þá hefur Guð gefið okkur nægja hjálp til þess að hrekja óttann á brott og veita okkur hugrekki. Er við seilumst eftir hans hjálp getur hann lyft okkur í átt að því eilífa lífi sem við leitumst eftir.

## AÐ KENNA ÞENNAN BOÐSKAP

„Jesús Kristur, hinn fullkomni kennari, spurði oft „Spurninga til að hvetja fólk til þess að íhuga og nýta þær reglur sem hann kenndi. . . . hugleiðing, sál-arleit og skuldbinding átti sér stað í kjölfar spurninga hans“ (*Teaching, No Greater Call* [1999], 68). Íhugið að búa til og spyrja nokkurra spurninga til að hjálpa einstaklingum að skilja og notfæra sér sannleikann sem kenndur er í þessum boðskap. Til dæmis þá gætuð þið spurt: „Hvaða hjálp hefur Guð gefið þér til að hrekja á brott ótta veita þér kjark?“ Hvetjið einstaklinga til þess að íhuga svör sín áður en svör eru gefin.

## UNGLINGAR

### Enginn er fullkominn

Eftir Shauna Skoubye

Mig hefur ætíð langað til að verða eins og Nefí: Algjörlega hlýðinn, mjög trúfastur og ákaflega andlegur. Í mínum huga var Nefí æðsta fordæmi góð-semi. Fátt annað höfðaði til mín meira en hugsunin að verða alveg eins og hann þegar ég yrði stór—eða að minnsta kosti búa yfir hluta af yfirburðum hans.

Dag einn var ég stödd á tímamótum í lífi mínu sem orsökduðust af vonleysis tilfinningum. Metnaður minn var mikill og ég hafði sett mörg markmið. En ég virtist ekki vera að ná neinum árangri. Ég tjáði föður mínum tilfinningar mínar er tár vonleysis runnu niður kinnar mínar. Hann stóð tafarlaust á fætur, gekk að bókhillunni og teygði sig í Mormónsbókina sína. Án þess að segja orð fletti hann upp að 2. Nefí 4 og hóf að lesa í vers 17.

Kuldahrollur fór um líkama minn eins og rafmagn er ég hlustaði á þessi kraftmiklu orð: „Ó, ég aumur maður!“ Hugsanir mínar fóru á flug. Hvernig gat Nefí, hetjan mín og fordæmi, sagt að hann væri „aumur“? Ef hann væri aumur, hvað væri ég þá?

Rafmagnið fór aftur um mig er faðir minn las vers 28:

“Vakna, sál mín! Lát ei frammar vanmagnast í synd.“ Það var eins og dökku skýin í huga mínum hefðu klofnað og hörfað frá. Í staðinn birtist hlýja og ljómi bjarrar sólar og skýlauss himins. Það er ógjörningur að lýsa því hvernig þetta vers lýsti upp sál mína. Fá eru ritningarversin sem hafa fyllt mig með eins mikilli von, innblæstri og gleði eins og þessi gerðu.

Í vers 30 sagði Nefí með mikilli mælsku einmitt það sem ég var að hugsa: „Sál mín mun fyllast fögnuði í þér, þú Guð minn og bjarg sálhjálp minnar.“ Þetta vers færði tilfinningar friðar og þakklætis fyrir hinni mildu miskunn og ást Drottins.

Pabbi minn lokaði bókinni og útskýrði að þessi vers eru stundum kölluð sálmar Nefís. Síðan kenndi hann mér að jafnvel hinir mestu hér á jörðu eru ófullkomnir og þetta fólk þarf að viðurkenna eigin ófullkomleika því annars myndi það verða stærilátt og þar af leiðandi falla af sessi sínum.

Ég skildi. Ég gat orðið eins og Nefí þótt ég hefði veikleika. Viðurkenning á veikleikum mínum færði mig nær gæðastaðli Nefís. Nefí var mikill vegna þess að hann var auðmjúkur og tilbúinn að viðurkenna eigin galla ásamt því að vera hlýðinn og trúfastur.

Ég hef varðveitt þessi orð Nefís ætíð síðan. Í hvert skipti sem ég les þau upplifi ég sömu ánægju og innblástur og ég fékk í fyrsta skiptið sem ég las þau. Ég sé í þessum versum að ég er dóttir Guðs með getu til að áorka meiru en ég gæti nokkurn tímann ímyndað mér. Ég veit að óteljandi blessanir bíða mín ef ég er trúföst og sæki fram.

## BÖRN

### Gjafir sem veita okkur hugrekki

Eyting forseti nefnir nokkrar gjafir sem veita okkur hugrekki. Lesið sérhverja ritningargrein og skrifið í eyðuna nafnið á gjöfinni. Ræðið við fjölskyldu ykkar um hvernig sú gjöf getur veitt ykkur hugrekki.

1. Post 22:16 \_\_\_\_\_
2. 2 Ne 4:15 \_\_\_\_\_
3. K&S 59:8–9 \_\_\_\_\_
4. 2 Ne 32:5; Jóh 14:26–27 \_\_\_\_\_
5. 1 Þess 5:17 \_\_\_\_\_

© 2009 by Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Prentað í Pýskalandi. Samþykkt á ensku: 6/09. Þýðing samþykkt: 6/09. Þýðing á *First Presidency Message, March 2010*. Icelandic. 09363 190